

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/699****2022/EES/47/21****frá 18. apríl 2017**

um að fastsetja sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í hverju aðildarríki og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (¹), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í því skyni að tryggja samræmd skilyrði fyrir útreikning á árlegu lágmarkssöfnunarhlutfalli raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í aðildarríkjunum í samræmi við tilskipun 2012/19/ESB er nauðsynlegt að fastsetja sameiginlega aðferðafræði, sem aðildarríkin skulu nota til að reikna út söfnunarhlutfallið, á grundvelli þyngdar raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað hvers um sig, sem og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á heildarmagni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki, sem skal beita þegar sá kostur verður tiltækur aðildarríkjunum í samræmi við tilskipun 2012/19/ESB.
- 2) Rétt þykir að skilgreina sérstakar breytur í þessari reglugerð, þ.m.t. „þyngd raf- og rafeindabúnaðar“ og „raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem fellur til“, til að greiða fyrir samræmdri notkun á sameiginlegu aðferðafræðinni fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar, sem settur er á markað, og aðferðafræðinni fyrir útreikning á heildarmagni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til.
- 3) Til að auðvelda beitingu sameiginlegu aðferðafræðinnar til útreiknings á þyngd raf- og rafeindabúnaðar, sem settur er á markað, og aðferðafræðinnar fyrir útreikning á heildarmagni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til er nauðsynlegt að viðkomandi aðferðafræði feli í sér reiknitól sem er sérsníðið fyrir hvert aðildarríki.
- 4) Ef gögnin, sem framleiðendur eða viðurkenndir fulltrúar þeirra eiga að gefa skýrslu um skv. 16. gr. og B-hluta X. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB, liggja ekki fyrir eða eru ekki fullgerð geta aðildarríkin gert rökstutt mat á magni raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað hvers um sig. Í því skyni að tryggja samræmd skilyrði fyrir skýrslugjöf, vöktun og mat á gögnum, þar sem gera þarf slíkt mat, ætti að nota sameiginlega aðferðafræði.
- 5) Í sameiginlegri aðferðafræði fyrir útreikning á rökstuddu mati á magni raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað ætti að taka tillit til þess að gefa ætti magn raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað á yfirráðasvæði aðildarríkis upp sem þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem boðinn er fram á markaði þess, að undanskildum raf- og rafeindabúnaði sem hefur farið frá yfirráðasvæðinu eftir að hafa verið settur þar á markað. Af þeim sökum, og í ljósi fyrirbyggjandi tölfræðilegra upplýsinga, ættu útreikningar á þyngd raf- og rafeindabúnaðar, sem er settur á markað, að byggjast á gögnum um landsframleiðslu raf- og rafeindabúnaðar í viðkomandi aðildarríki sem og á gögnum um innflutning á raf- og rafeindabúnaði inn í aðildarríkið, sem kemur annaðhvort frá öðrum aðildarríkjum eða frá þriðju löndum, og um útflutning á raf- og rafeindabúnaði sem fer frá því aðildarríki, annaðhvort til annars aðildarríkis eða til þriðja lands. Afla ætti gagna með því að nota gagnagrunn Hagstofu Evrópusambandsins (Eurobase) þar sem einkum er skráð landsframleiðsla á raf- og rafeindabúnaði samkvæmt framleiðslukerfi Bandalagsins (með kóðum í vöruskrá ESB). Þessir kóðar tengjast einnig kóðunum í hagskýrslum um viðskipti (númer í sameinuðu nafnaskránni) Í hagskýrslum um viðskipti með vörur er mælt það magn vara sem aðildarríkin eiga viðskipti með sín á milli (viðskipti innan Sambandsins) og vara sem aðildarríki og þriðju lönd eiga viðskipti með (viðskipti við lönd utan Sambandsins).
- 6) Landsgögn um landsframleiðslu raf- og rafeindabúnaðar, innflutning og útflutning eru tilkynnt samkvæmt framleiðslukerfi Bandalagsins, með því að nota kóða í vöruskrá ESB, en ekki samkvæmt flokkum raf- og rafeindabúnaðar sem settir eru fram í I. og III. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB. Ef aðildarríkin vinna mat á magni raf- og rafeindabúnaðar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 103, 19.4.2017, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjttíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38

sem er settur á markað er þó mikilvægt að þau noti sameiginlega flokkunaraðferð til að umreikna hagtölur um landsframleiðslu, innflutning og útflutning í gögn sem samsvara þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað hvers um sig samkvæmt þeim flokkum raf- og rafeindabúnaðar sem settir eru fram í tilskipun 2012/19/ESB.

- 7) Að því er varðar útreikning á heildarmagni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem fellur til á tilteknu ári á yfirráðasvæði aðildarríkis, er mikilvægt að aðildarríkin noti sameiginlega aðferðafræði þar sem taka ætti mið af gögnum um magn raf- og rafeindabúnaðar sem var settur á markað í hverju aðildarríki á fyrri árum, gögnum um endingartíma mismunandi raf- og rafeindabúnaðar, eftir gerð hans, metunarstigi landsbundins markaðar og mismunandi vistferlum raf- og rafeindabúnaðar í aðildarríkjunum. Reiknitól til útreiknings á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, sem byggist á þessari aðferðafræði, ætti að vera gert aðgengilegt til notkunar fyrir aðildarríkin og færa ætti fyrirfram inn í það þau gögn sem eru nauðsynleg til að unnt sé að beita því tafarlaust. Aðildarríkin ættu að eiga kost á að uppfæra gögn, sem notuð eru í tólið, um raf- og rafeindabúnað sem var settur á markað á fyrri árum og/eða gögn um endingartíma, á grundvelli viðkomandi gagna og upplýsinga sem styðja slíka uppfærslu.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í aðildarríki og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á heildarmagni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í aðildarríki, sem aðildarríkin skulu nota, eftir því sem við á, til útreiknings á söfnunarhlutfalli raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Í þessu skyni er í henni einnig kveðið á um að gera skuli tiltækt reiknitól fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem er sérsníðið fyrir hvert aðildarríki, sem framkvæmdastjórnin setur upp og gerir aðgengilegt sem óaðskiljanlegan hluta af þessari aðferðafræði.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „þyngd raf- og rafeindabúnaðar“: verg þyngd (flutningur) sérhvers raf- og rafeindabúnaðar innan gildissviðs tilskipunar 2012/19/ESB, þ.m.t. allir raf- og rafeindafylgihlutir, en að undanskildum umbúðum, rafhlöðum/rafgeymum, leiðbeiningum, handbókum, fylgihlutum sem ekki eru raf- eða rafeindafylgihlutir og rekstrarvörum,
- b) „raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem fellur til“ í aðildarríki: heildarþyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem kemur til vegna raf- og rafeindabúnaðar innan gildissviðs tilskipunar 2012/19/ESB, sem hafði verið settur á markað í því aðildarríki, áður en starfsemi s.s. söfnun, undirbúningur fyrir endurnotkun, meðhöndlun, endurheimt, þ.m.t. endurvinnsla, eða útflutningur fer fram.

3. gr.

Útreikningur á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað í aðildarríki

1. Ef aðildarríki reiknar út söfnunarhlutfallið á grundvelli meðalþyngdar raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað skal viðkomandi aðildarríki reikna út þyngd raf- og rafeindabúnaðarins sem settur er á markað þess á tilteknu ári, á grundvelli upplýsinganna sem framleiðendur raf- og rafeindabúnaðarins leggja fram, eða viðurkenndir fulltrúar þeirra, eftir atvikum, í samræmi við c-lið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2012/19/ESB og B-hluta X. viðauka við þá tilskipun.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

2. Ef aðildarríki getur ekki reiknað út þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað þess, í samræmi við 1. mgr., skal það þess í stað gera rökstutt mat á þyngd raf- og rafeindabúnaðarins sem er settur á markað þess á viðkomandi ári, á grundvelli gagna um landsframleiðslu, innflutning og útflutning á raf- og rafeindabúnaði á yferráðasvæði þess. Til þess skulu aðildarríkin nota aðferðafræðina sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Útreikningur á heildarmagni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til í aðildarríki

Ef aðildarríki reiknar út söfnunarhlutfall á grundvelli magns raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til á yferráðasvæði þess skal viðkomandi aðildarríki reikna út heildarmagn raf- og rafeindabúnaðarúrgangsins, sem fellur til á yferráðasvæði þess á tilteknu ári, á grundvelli aðferðafræðinnar sem sett er fram í II. viðauka.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Aðferðafræði fyrir útreikning á rökstuddu mati á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað í aðildarríki

1. Reikna skal út rökstutt mat á þyngd raf- og rafeindabúnaðar, sem er settur á markað í aðildarríki á viðmiðunarári, með því að nota aðferð sem byggist á sýnilegri notkun, á grundvelli eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Raf- og rafeindabúnaður sem er settur á markað}(t) = \text{landsframleiðsla}(t) + \text{innflutningur}(t) - \text{útflutningur}(t)$$

Þar sem:

Landsframleiðsla(*t*) = þyngd (í tonnum) fullunnins raf- og rafeindabúnaðar sem er framleiddur á viðmiðunarári *t* innan aðildarríkis.

Innflutningur(*t*) = þyngd (í tonnum) raf- og rafeindabúnaðar sem kemur inn í aðildarríki á viðmiðunarári *t* frá öðru aðildarríki eða þriðja landi til dreifingar, neyslu eða notkunar.

Útflutningur(*t*) = þyngd (í tonnum) raf- og rafeindabúnaðar sem fer frá aðildarríki á viðmiðunarári *t* til annars aðildarríkis eða þriðja lands til dreifingar, neyslu eða notkunar.

2. Aðildarríkin skulu nota gögn um landsframleiðslu raf- og rafeindabúnaðar, eftir þyngd, sem tilkynnt er um samkvæmt flokkun í framleiðslukerfi Bandalagsins (kóðar í vöruskrá ESB).

Aðildarríkin skulu nota gögn um innflutning og útflutning raf- og rafeindabúnaðar, eftir þyngd, sem tilkynnt er um samkvæmt númerum í sameinuðu nafnaskránni (SN-númer).

3. Aðildarríkin skulu nota reiknitólið fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar, til að umreikna magn raf- og rafeindabúnaðar sem er framleiddur á landsvísi, innfluttur og útfluttur, sem er tilkynntur eftir SN-númerum, yfir í magn raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað eftir hverjum flokki raf- og rafeindabúnaðar sem settir eru fram í I. og III. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB.

II. VIÐAUKI

Aðferðafræði fyrir útreikning á heildarmagni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til í aðildarríki

1. Heildarmagn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem fellur til í aðildarríki á tilteknu ári, skal reiknað út á grundvelli magns raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað í því aðildarríki á undanfarandi árum og samsvarandi endingartími vöru skal metinn á grundvelli magns sem er hent af hverri vöru, eins og sett er fram í eftirfarandi jöfnu:

$$W(n) = \sum_{t=t_0}^n POM(t) \cdot L^{(p)}(t, n)$$

Þar sem:

$W(n)$ = magn (í tonnum) af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem fellur til á matsári n ,

$POM(t)$ = magn (í tonnum) af raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað á tilteknu ári t ,

t_0 = fyrsta árið þegar raf- og rafeindabúnaður var settur á markað,

$L^{(p)}(t, n)$ = endingartímasnið, byggt á því magni sem er hent af framleiðslulotu raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á ári t , sem endurspeglar mögulegt hlutfall sem er hent á matsári n (búnaður, sem er hent, sem hundradshluti af heildarsölu á ári n), og er reiknað út með því að nota Weibull-fall fyrir dreifingu, skilgreint með formbreytu, sem er breytileg eftir tíma, $\alpha(t)$ og kvörðunarstiku $\beta(t)$ sem hér segir:

$$L^{(p)}(t, n) = \frac{\alpha(t)}{\beta(t)^{\alpha(t)}} (n - t)^{\alpha(t)-1} e^{-[(n-t)/\beta(t)]^{\alpha(t)}}$$

Þegar sömu endingartímabreytum er beitt yfir lengri tíma er dreifing endingartíma raf- og rafeindabúnaðar einfölduð í eftirfarandi formúlu:

$$L^{(p)}(t, n) = \frac{\alpha}{\beta^\alpha} (n - t)^{\alpha-1} e^{-[(n-t)/\beta]^\alpha}$$

Þar sem:

α (alfa) = „formbreyta“ líkindadreifingarinnar

β (beta) = „kvörðunarstika“ líkindadreifingarinnar

2. Aðildarríkin skulu nota reiknitólið fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar og er þróað á grundvelli aðferðafræðinnar sem lýst er í 1. lið, til að reikna út heildarmagn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til á yfirráðasvæði þeirra á tilteknu ári.
3. Gögn um magn raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á tímabilinu 1980–2014, fyrir hvert aðildarríki, reiknað út á grundvelli aðferðar sem byggist á sýnilegri notkun og er lýst í I. viðauka, ásamt gögnum um endingartíma vöru fyrir tímabilið 1980–2030 skulu færð fyrirfram inn í reiknitólið fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang. Formbreytur og kvörðunarstikur líkindadreifingarinnar, sem um getur í 1. lið og eru ákvarðaðar fyrir hvert aðildarríki, skulu færðar inn í tólið sem staðalgildi.
4. Aðildarríkin skulu færa inn í reiknitólið fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang árs gögn um raf- og rafeindabúnað, sem settur er á markað frá árinu 2015 til þess árs sem er næst á undan viðmiðunarárinu, í því skyni að gera það kleift að reikna út þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til á tilteknu ári.
5. Aðildarríkin geta uppfært gögnin um raf- og rafeindabúnað, sem settur er á markað, eða gögnin um endingartíma vöru sem eru notuð í reiknitólið fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang eins og sett er fram í 3. lið. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina áður en slíkar uppfærslur eiga sér stað og leggja fram viðeigandi rök fyrir slíkum uppfærslum, þ.m.t. opinberar markaðskannanir, niðurstöður úttekta eða greind og rökstudd gögn úr samráði hlutaðeigandi hagsmunaaðila.